



MYND2TK05

Kennsluáætlun – vorönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur og æfa grunnatriði teikningar. Farið í mikilvægu línu í allri teikningu, skyggingar æfðar, lögð áhersla á að þjálfra formkilning með greiningu einfaldra forma. Rúðustækkun og hlutföll. Farið í eins- og tveggjapunkta fjarvídd.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- möguleikum blýantsins
- mikilvægi línu
- áhrifum skugga og ljóss
- tvívíðum og þrívíðum formum
- eins- og tveggjapunkta fjarvídd (fleiri kynntar)

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna trúverðuga skyggingu með blýanti með mikilli dýpt þar sem öllum tónum grátónaskalans er beitt sem og sýnt fram á mikilvægi á beytingu línu.
- teikna þrívíðu grunnformi með og án skyggingar.
- teikna fjarvíddarmyndir innan húss og utan með hjálp eins- og tveggjapunkta fjarvíddartækni og skyggt með blýanti eða litum.
- að mæla út hlutföll og nýta í sinni teikningu.
- að teikna með rúðustækkun flóknari hluti með grunnformin í huga.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- skynja og sjá að allt er samsett úr grunnformum sem línur mynda.
- teikna upp raunsæja mynd af hlutum og umhverfi sínu.
- teikna út frá eigin hugmyndum sem og fyrirmyndum.

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá í hendur blýanta og strokleður sem þeir sjá um út önnina. Ef nemendur týna þessu verða þeir sjálfir að útvega ný verkfæri.
- Nemendur geymi áhöldin, skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- | | |
|----------------------------|---------------------------|
| • Mappa (5%) | janúar |
| • Skyggingaraðferðir (10%) | janúar |
| • Þrívíð grunnform (5%) | jan - feb |
| • Raunsæi – abstrakt (10%) | febrúar |
| • Fjarvídd (10%) | feb - mars |
| • Fjarvídd í FSu (15%) | mars |
| • Sívöl form (5%) | mars |
| • Rúðustækkun (15%) | mars - apríl |
| • Modelteikning (10%) | einhvern tímann á önninni |
| • Lokaverkefni (15%) | síðustu 3 vikur annar |

Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.